

Fjarskiptahópur SKÝ, skýrsla stjórnar starfsárið 2015/2016

Aðalfundur hópsins var haldinn samhliða aðalfundi SKÝ þann 26. febrúar 2015. Stjórnið gaf kost sér til endurkjörs og var endurkjörin.

Í stjórn eru eftirfarandi aðilar:

Jón Ingi Einarsson, Guðmundur Daníelsson, Gunnar Ólafsson, Theodór Steinþórsson, Davíð Guðmundsson og Gunnar Hreinsson.

Þeim sem lögðu við hlustir í 17. Júní ávarpi forsætisráðherra á Austurvelli og jafnframt nýársávarp sama ráðherra má vera ljóst að fjarskiptamál eru ráðamönnum þessa lands ofarlega í huga. Þeim fjölgar sem sjá beint samhengi á milli endurnýjunar á fjarskiptainviðum landsins og búsetuskilyrðum, einkum í dreifðari byggðum landsins. Þann 30. Desember 2015 birti Póst og Fjarskiptastofnun ákvörðun sem snýr að ósk 365 miðla um breytingu á tíðniheimildum. Í ákvörðunarorðum kemur fram að Póst og Fjarskiptastofnun fellst á að fyrirhuguð lagning ljósleiðaranets stjórnvalda leiði til þess að forsendur fyrir útbreiðslu og uppbyggingakröfum þráðlausra fjarskipta séu breyttar.

Án þess að tíunda í smáatriðum innihald þessa þá er um stefnubreytingu að ræða. Umrædd uppbygging á þráðlausum fjarskiptum um landið allt var hugsuð m.a. til þess að þjóna nettengingu fyrir dreifðar byggðir. Með umræddri ákvörðun má draga þá ályktun að fallið hafi verið frá þeim áformum og aukin áhersla verði lögð á að leggja ljósleiðara til heimila í landinu, hvort sem þau eru í þéttbýli eða dreifbýli. Umrædd stefnubreyting er í fullu samræmi við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar og fagnar stjórn fjarskiptahóps Ský þessar breytingu. Aukið vægi á lagningu ljósleiðara hefur ekki einungis áhrif á fjarskipta umræddra heimila heldur styrkir um leið innviði annarskonar fjarskipta. Þar má nefna fjarskipta vegna þráðlausra senda sem þjóna tilgangi neyðarfjarskipta, farsíma og farneta.

Umrædd breyting hefur því víðtæk áhrif á rekstrarumhverfi þeirra sem starfa innan fjarskiptageirans á Íslandi.

Þann 4. Mars 2015 hélt fjarskiptahópurinn hádegisverðarfund sem bar nafnið Fjarskipti og ferðamenn. Á fundinum var ítarlega rætt um þá valkosti sem eru í boði til að tryggja öryggi ferðamanna. Farið var yfir útbreiðslu farsímakerfa, einkum í óbyggðum, og þeirri spurningu varpað fram hvort að skilda eigi ferðamenn til þess að bera tiltekinn fjarskiptabúnað sem auðveldað getur björgun. Fundurinn tókst vel og fjörlegar umræður áttu sér stað, ekki síst undir liðnum „Hvenær er nóg-nóg? Á að leita að öllum?“.

Vísbendingar eru um að fjarskipti, í víðum skilningi, leiki á næstunni stærra hlutverk í samfélaginu. Með því að vitna til orða Harðar Arnarssonar forstjóra Landsvirkjun sem birtist í Morgunblaðinu þann 22. Febrúar sl. er útlit fyrir að gagnaver og annar fjarskiptatengdur iðnaður sé kominn til að vera og sé ört vaxandi. Nú þegar blikur eru á lofti um rekstur álvera eru þessi orð áhugaverð enda um hugsanlegan arftaka að ræða sem kaupandi raforku.

Fjarskiptahópur Ský lítur björtum augum til framtíðar. Áhugi og athygli á fjarskiptum er að aukast sem einmitt er eitt af meginmarkmiðum fjarskiptahóps Ský skv. samþykktum hópsins.

F.h. stjórnar,

Guðmundur Daníelsson